



FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

4. OKTÓBER 2013

EFNI BRÉFSINS:

FRÁ FORMANNI HAUSTFUNDUR	1
KYNBÓTA-SÝNINGAR 2013	2
STÓÐHESTA-SKÝRSLUR/ FANGVOTTORÐ	2
GJALDSKRÁ RML	2
STAÐA SUMAREXEM-RANNSÓKNA	2

FRÁ FORMANNI

Ágætu félagar.

Þá er komið haust með tilheyrandi haustverkum og undirbúningsstörfum fyrir veturinn. Það er ágætt að líta um öxl á haustin og fara yfir hvernig til hefur tekist á árinu og gera upp við sig hvar leggja skuli áherslur á komandi vetri. Það á ekki síst við þegar hrossaræktendur fara í gegnum stóðið sitt og huga að gripum til að temja, þjálfa, selja eða til áframhaldandi undaneldis að menn þurfa að gera raunhæft mat á stóðgripum sínum ekki síst með tilliti til þess hvernig markaðsmál hafa þróast síðustu ár. Það er hreint ekki auðvelt verk en engu að síður nauðsynlegt ekki síst hjá þeim sem eru með mörg hross á framfæri.

Haustfundurinn að þessu sinni verður að mestu helgaður markaðsmálum. Kynnt verður verkefnið Horse Expo sem er mjög spennandi framtak einstaklinga með aðkomu Markaðsstofu Suðurlands



og fleiri aðila. HS er aðili að þessu verkefni og hefur lagt því til fjárhagslegan stuðning en aðkoma HS verður til umræðu á fundinum og mikilvægt að fundarmenn taki þátt í henni.

Starfshópur um markaðsmál sem stjórn HS setti á laggirnar skilar af sér skýrslu og verður fróðlegt að sjá tillögur og hugmyndir sem frá þeim koma.

Ekki verður hjá því komist að nefna uppákomu sem varð á kynbótasýningu á Selfossi 29. maí og leiddi af sér mikla óánægju og ólgu. Von mín er sú að á komandi aðalfundi Félags hrossabænda verði þessi mál rædd og leidd til lykta, reglur skerptar um vinnu og háttalag dómara. Það má öllum vera ljóst að til viðbragða þarf að koma ef viðlíka uppákomur eiga sér aftur stað. Við þurfum á öllu öðru en óánægju að halda nú um stundir. Ágætu hestamenn, sýnum hvort öðru virðingu í starfi sem leik og sköpum þá ásýnd á hestamanskuna sem hún á skilið.

Með ræktunarkveðju,

Sveinn Steinarsson, formaður

WWW.BSSL.IS

HROSSARÆKTARSAMTÖK SUÐURLANDS ERU KOMIN Á FÉSBÓKINA !

ENDILEGA KÍKIÐ Á ÞAÐ!

HAUSTFUNDUR HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

Haustfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður haldinn á Veitingastaðnum Kanslaranum á Hellu fimmtudaginn 10. október og hefst kl. 20:00. Dagskrá:

Kynning á viðburðinum Horse Expo

Starfshópur HS á sviði markaðsmála skilar af sér

Vetrardagskrá HS kynnt

Nýliðið málþing fagráðs í hrossarækt til umræðu

Önnur mál

Stjórnin hvetur hestamenn til að fjölmenna á fundinn og taka þátt í umræðum sem án efa verða lífliga.

KYNBÓTASÝNINGAR 2013

Að þessu sinni fólu Bændasamtök Íslands nýstofnuðu fyrirtæki Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) framkvæmd kynbótasýninga en áður höfðu búnaðarsamböndin það á sinni könnu.

Sýningarnar urðu 18 að þessu sinni auk fjórðungsmóta á Vestur- og Austurlandi. Sýningarnar voru litlar til að byrja með og voru menn uggandi um að lítil þátttaka yrði í sýningum en það fór á annan veg. Alls voru dæmd 1.552 hross og eru fjórðungsmótin ekki inni í þeirri tölu. Hér á suðvesturhorninu voru tvær sýningar á Selfossi, þrjár á Gaddstaðflötum, ein í Víðidal og ein á Sörlastöðum. Á þessum sýningum voru dæmd 963 hross. Skráningar á kynbótasýningar fóru að þessu sinni fram með rafrænum hætti og sparaði það mikinn tíma við undirbúning.

STÓÐHESTASKÝRSLUR/ FANGVOTTORÐ

Eigendur stóðhesta eru minntir á að núna er rétti tíminn til að skila inn stóðhestaskýrslum/ fangvottorðum. Hægt er að skila þeim inn til skráningar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins á Austurvegi 1 á Selfossi, eða í önnur útibú RML. Það er mikill fengur að því fyrir hryssueigendur að upplýsingar um fang skili sér inn í Worldfeng því annars geta þeir ekki skráð folöldin í gegnum heimaréttina í Worldfeng. Eyðublöð má nálgast á skrifstofum RML víðs vegar um landið eða á heimasíðunni www.rml.is.

Tafla 1	Alls hross	Fulln./Reiðd.	B.dómar
Sauðárkrókur, fyrri.	15	12	3
Selfoss, fyrri.	11	5	6
Víðidalur	37	27	10
Sörlastaðir	67	57	10
Selfoss, seinni.	216	172	44
Gaddstaðaflatir	286	237	49
Akureyri	27	22	5
Hvammstangi	28	26	2
Sauðárkrókur, seinni.	115	103	12
Fljótsdalshérað	20	17	3
Melgerðismelar	66	52	14
Miðfossar	217	180	37
Gaddst.fl., miðsumarss.	191	171	20
Miðfossar, síðsumarss.	14	14	0
Blönduós, síðsumarss.	25	20	5
Gaddst.fl., síðsumarss.	155	128	27
Skagafjörður, síðsumarss.	34	28	6
Dalvík, síðsumarss.	28	28	0
	1.552	1.299	253

WWW.RML.IS

GJALDSKRÁ RML

Eins og margir hestamenn hafa orðið varir við kostar nú að grunnskrá hross og eigandaskipta. Þetta eru reyndar atriði sem hægt er að framkvæma á auðveldan hátt í heimaréttini í WorldFeng, hafi menn aðgang að honum. Hestamenn sem annað hvort eru félagar í hestamannafélagi eða hrossaræktarsamtökum eiga að hafa frían aðgang að WorldFeng í gegnum sitt félag. Gjaldskrá RML má sjá á heimasíðu þeirra www.rml.is en gjald fyrir eigandaskipti á einu hrossi eru 628 kr. m. vsk og grunnskráning kostnar 1.255 kr m. vsk. Ekki er rukkað fyrir grunnskráningu sem berast á örmerkjablöðum enda eru menn þar búnir að greiða fyrir skráninguna þegar þeir kaupa örmerkjabækur.



STAÐA SUMAREXEMRANNSÓKNA

Á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er haldið áfram tilraunum til að þróa bóluefni gegn sumarexemi í hestum. Með bólusetningu gegn ofnæmi er verið að tryggja að ónæmissvarið gegn viðkomandi próteinum sé ekki á braut ofnæmis. Með afnæmingu er á hinn bóginn verið að beina svarinu gegn ofnæmispróteinunum af braut ofnæmis og einnig bæla það. Reynt er að nálgast markmiðið eftir þremur leiðum:

1) Bólusetja í eitla með endurröðuðum ofnæmisvökum í ónæmisglæði:

Sprautun í eitla gefur góða raun og verið er að prófa mismunandi ónæmisglæða og blöndur af ónæmisglæðum í hestum. Ef heldur sem horfir þá er möguleiki að skipuleggja stóra áskorunartilraun 2014 eða 2015.

2) Bólusetja með ofnæmisvakagnum á veirufurjum:

Ein ferja hefur verið hönnuð og verið er að prófa hana í hestum:

3) Bólusetja um slímhúð með byggji sem tjáir ofnæmisvaka.

Verið er að meðhöndla hesta um slímhúð munns með byggji sem tjáir einn ofnæmisvaka.

Möguleiki er síðan að blanda bólusetningaaðferðum saman á mismunandi vegu. Til dæmis frumbólusetja með einni og endurbólusetja með annarri til að efla svarið.

Áskorunartilraun er eina leiðin til að prófa endanlega hvort að bólusetning virkar. Hún felst í því að bólusetja 20 hesta og flytja síðan þessa hesta út á flugsvæði í Evrópu ásamt 10-20 óbólusettum samaburðarhestum. Þessi hross yrðu að vera öll á sama svæði í a.m.k 3 ár þar sem fylgst yrði með ónæmissvari þeirra og hvort þeir fái sumarexem.

Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, 23. september 2013